

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Október 2002

Yfirlit efnahagsmála

Verðlag vöru hefur u.þ.b. staðið í stað á árinu en á sviðum þar sem erlendar verðsamkeppni gætir lítið hafa orðið töluverðar verðhækkunir

Hækkun vísitölu neysluverðs í október var nokkuð umfram væntingar markaðsaðila. Vísitalan hækkaði um 0,54%, en að meðaltali höfðu markaðsaðilar gert ráð fyrir tæplega 0,4% hækkun. Mánuðina á undan var verðlagsþróun hins vegar hagstæðari en væntingar stóðu til og verðlagsþróun á þriðja fjórðungi ársins var í samræmi við það sem Seðlabankinn spáði í ágúst. Verðlag á þriðja ársfjórðungi var 3,3% hærra en fyrir ári, en í ágúst spáði Seðlabankinn 3,4% verðhækkun. Meira en helmingur hækkunarinnar í október skýrist af því að sumarútsölum var lokið þegar verðmælingar áttu sér stað, sem leiddi til tæplega 5% verðhækkunar á fötum og skóm.

Undanfarna 12 mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,9%. Meginhluti þeirrar hækkunar átti sér stað fyrstu 3 mánuði tímabilsins, en frá ársbyrjun hefur vísitalan aðeins hækkað um 1,2%. Þrátt fyrir hraða hjöðnun verðbólgunnar á árinu eru nokkrir liðir vísitölnunnar sem sýna enn umtalsverða verðhækkun, eða hraði verðhækkunar hefur jafnvel aukist. Ef lítið er til verðlagsþróunar frá áramótum skera þrír meginflokkar sig nokkuð úr með töluvert meiri verðbólgu en sem nemur verðbólgu markmiði Seðlabankans. Umreiknað til árshækkunar hefur bensínverð hækkað um 6,5%, húsnæðiskostnaður um 6% og þjónusta einkaaðila um 5,3%. Allir aðrir meginþættir hafa hækkað minna en 2½%. Tveir síðastnefndu liðirnir vega þungt og hafa haft í för með sér 1,6% hækkun vísitölnunnar á tímabilinu, sem þýðir að allir aðrir liðir til samans hafa lækkað að meðaltali. Vöruverð hefur á heildina lítið u.þ.b. staðið í stað ef verð búvöru og grænmetis er undanskilið (sem lækkaði meira, m.a. vegna tollabreytinga og árstíðar). Húsnæði og þjónusta hafa haldið áfram að hækka í verði síðustu mánuði, hvort

tveggja um 0,3% í október. Hvað húsnæði áhræfir hefur árshraðinn aukist undanfarna þrjá mánuði.

Visbendingar um þróun innlendar eftirspurnar benda til þess að slaki í þjóðarbúskapnum hafi enn aukist

Fram kom í ágústhefti Hagvísu Seðlabankans að ýmsir hagvísar bentu til þess að hægfara bati væri hafinn. Þróunin að undanfögnu bendir hins vegar til að hagvöxtur sé dræmur og lægðin í byrjun ársins var snarpari en áður var talið.

- Þjóðhagsreikningar fyrir annan fjórðung ársins sýna enn töluverðan samdrátt þjóðarútgjalda frá fyrra ári og endurskoðaðar tölur fyrir fyrsta ársfjórðung sýna mun meiri samdrátt á fyrsta fjórðungi ársins en fyrri áætlanir bentu til (mynd 5). Það sem hefur haldið uppi jákvæðum hagvexti á fyrri helmingi ársins eru utanríkisviðskiptin, þ.e.a.s. mjög snarpur samdráttur innflutnings á fyrsta ársfjórðungi og vöxtur útflutnings á öðrum fjórðungi ársins. Í ágúst sýndu hins vegar bæði inn- og útflutningur töluverðan samdrátt, en óvíst er að það boði nokkur þáttaskil.
- Virðisaukaskattstengd velta á fyrri helmingi ársins sýnir lítilsháttar samdrátt, en frá því í apríl hefur greiðslukortavelta, sem fyrstu 3 mánuði ársins var u.þ.b. 7% minni en á sama tíma í fyrra, verið svipuð og fyrir ári og nokkuð meiri í september (mynd 7).
- Innflutningur fyrstu 8 mánuði ársins (mynd 12) var u.þ.b. 5% minni að magni en á sama tíma í fyrra. Þetta er nokkuð minni samdráttur en mældist fyrir á árinu og hefur bæði innflutningur og nýskráning bifreiða (mynd 9) glæðst nokkuð síðustu mánuði. Í ágúst var þó mun minni innflutningur en á sama tíma í fyrra og nam samdrátturinn að skipa- og flugvélaviðskiptum undanskildum 16% á föstu gengi. Útflutningur í ágúst var einnig töluvert

minni en á sama tíma í fyrra, sem gæti bent til að um tölfræðilega óreglu sé að ræða.

- Dregið hefur úr tekjubata ríkissjóðs sem gætti um mitt árið. Tekjur síðustu fjögurra mánaða af virðisaukaskatti voru 1,3% meiri að raungildi en á sama tíma fyrir ári en heldur virðist vera að slakna á innheimtu þeirra. Hið sama má segja um tekjur af staðgreiðslu og tryggingagjöldum sem voru þó 3,1% hærri að raungildi í júní-september en fyrir ári. Tekjur af innflutningi voru um 6% minni að raungildi, enda vinnur styrking krónunnar á móti áhrifum aukins innflutnings.
- Hjöðnun í tólf mánaða vexti útlána til innlendra aðila (mynd 35) stöðvaðist á vormánuðum, hefur síðan flökt á bilinu 2% - 3% og var 2½% í septemberlok. Að frátöldum áhrifum gengisbreytinga og verðtryggingar var vöxtur útlána ríflega tvöfalt meiri. Hann hefur aukist frá því í mars og var u.þ.b. 6% í septemberlok. Útlán hafa aukist nokkuð að raungildi (mynd 36) undanfarna mánuði, en eru ívið minni að raungildi en fyrir ári.
- Íbúðarhúsnæðismarkaðurinn hefur verið nokkuð þróttmeiri en vænst var. Verð fjölbýlis í Reykjavík hækkaði töluvert sl. sumar (mynd 28). Viðskipti með notað húsnæði eru mikil, en heldur hefur dregið úr uppsveiflu í viðskiptum með nýtt húsnæði, sem vart varð fyrir á árinu. Gögn um verðþróun á atvinnuhúsnæði (mynd 29) eru til muna ótryggari, en einnig þar virðist sem verðlækkunin frá því vorið 2000 hafi a.m.k. stöðvast í bili og sýna gögnin dálitla hækkun milli 2. og 3. ársfjórðungs, þótt hún sé minniháttar í samanburði við fyrri lækkun.
- Vísbendingar um vaxandi slaka á vinnu- markaði hafa að undanfögnu birst í stöðugri aukningu árstíðarleiðréttis atvinnuleysis og

minnkandi launaskriði (myndir 19 og 23). Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi mældist 3% í september, hið mesta frá því í mars 1998. Launaskriði í einkageiranum að fjármálastofnunum frátöldum mældist 0,3% á 3. fjórðungi ársins, sem er það sama og á 2. fjórðungi. Á heilu ári mældist launaskriðið 1,2%.


Undirstöður gengisins hafa styrkst

Forsendur þess að núverandi gengi haldist, eða jafnvel styrkist, hafa batnað þótt nokkur óvissa sé einnig til staðar.


- Þróun vöruviðskipta hefur verið hagstæð undanfarna mánuði (mynd 11). Samkvæmt spám sem birst hafa verður viðskiptahallinn á yfirstandandi og næstu árum lítill eða enginn og í öllu falli fyllilega sjálfbær.
- Þótt raungengi krónunnar hafi styrkst verulega frá því í nóvember 2001 er staða þess enn 2½% lægri en meðaltal undanfarinna 10 ára og tæpum 5% lægri en meðaltal undanfarinna 20 ára (mynd 33).
- Bætt lánshæfismat íslenska ríkisins mun stuðla að greiðari aðgangi að erlendum lánum og lægri vöxtum þeirra. Það stuðlar að öðru óbreyttu að styrkara gengi. Einkavæðing bankanna gæti einnig styrkt gengið um hríð vegna áhrifa hennar á væntingar innlendra markaðsaðila og á mat erlendra aðila á íslensku efnahagslífi.
- Verðlag sjávarafurða hefur lækkað nokkuð nýlega og kann það að tengjast hægari vexti einkaneyslu í viðskiptalöndunum. Haldi sú þróun áfram gæti það haft neikvæð áhrif á gengið.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 23. október 2002.


I Verðbólga




Vísitala neysluverðs í október hækkaði um 0,54% frá fyrri mánuði. Verð á fötum og skóm hækkaði um 4,9% (0,27% áhrif á vísitöluna) enda sumarútsölum nú lokið. Verð á bensíni hækkaði um 1,1% (0,04%) og markaðsverð á húsnæði hækkaði um 0,4% (0,04%). Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 2,9%. Í september hafði samræmd vísitala neysluverðs hækkað um 3,2% á 12 mánuðum.



Í október höfðu innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hækkað um 0,6% á 12 mánuðum. Húsnæðisliður vísitölnnar hækkaði á sama tíma um 6,0%, innlendirar vörur án búvöru og grænmetis um 3,3% og þjónusta á almennum markaði um 5,9%.




Í sumar hafði gengishækkun krónunnar fyrir á árinu eytt þeim mun sem var á milli gengisbreytinga og verðhækkunar innfluttrar vöru á sl. ári. Aðeins hefur dregið í sundur aftur nú í haust, en munurinn er lítill samanborið við sl. ár.




Verðbólguálag á vexti óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með u.þ.b. 5 ára líftíma lækkaði úr 2,5% í 2,4% eftir að Seðlabankinn tilkynnti lækkan stýrivaxta sinna um 0,3 prósentur þann 15. október. Verðbólguálag þessara bréfa sveiflaðist á bilinu 2,4%-2,6% og var að meðaltali tæplega 2½% það sem af er október.


II Framleiðsla og velta




Á öðrum ársfjórðungi 2002 mældist vöxtur landsframleiðslu frá sama fjórðungi fyrir ári 0,7%. Útflutningur óx um rösk 10% og innflutningur um tæp 2%. Þjóðarútgjöld voru áætluð 2,4% minni en fyrir ári. Þetta er mun minni árssamdráttur þjóðarútgjalda en á fyrsta ársfjórðungi í ár, en þess ber að geta að tölur fyrir fyrsta fjórðung hafa verið endurskodaðar verulega niður á við. Nú er talið að þjóðarútgjöld þá hafi verið 6,2% minni en fyrir ári, en áður var talið að samdrátturinn hafi numið 3½%.




Raunveltan á fyrri helmingi þessa árs er um 1,5% minni en á sama tíma 2001. Áfram var raunveltuaukningur í iðnaði og er aukningin öll í útflutningi. Um fimmtungs samdráttur var í byggingarstarfsemi og samdráttur í verslun, 2,5% í smásölu og um 4% í heildsölu. Tólf mánaða breyting raunveltu milli maí-júní 2001 og 2002 sýnir vaxandi samdrátt í öllum greinum.




Greiðslukortaveltan er á nokkurri uppleið seinustu mánuði. Raunveltan innanlands í september var um 3,8% meiri en í september fyrir ári, en raunveltan erlendis var hins vegar 5,5% minni milli sömu mánaða. Uppsöfnuð velta innanlands frá áramótum á föstu verði nálgast óðum raunveltuna á sama tíma á liðnu ári.



Velta 39 fyrirtækja jókst um 13% að raungildi frá fyrrihluta 2001 (raunvirt með VNV á innlenda veltu og gengi á útflutningsveltu). Framlegð (hagn. f. afskriftir og fjármagnsliði) var mjög góð eða 13,3% af veltu (var 11,2% jan.-júní 2001) og hreinn hagnaður eftir skatta var 11,4% (-6,5% 2001). Þessi umskipti stafa einkum af jákvæðum fjármagnsliðum vegna gengishækkunar krónunnar. Þá jókst veltufé frá rekstri um 70% milli ára. Framlegðin hækkar hjá flestum atvinnugreinum nema fyrirtækjum í verslun og þjónustu.




Sementssala jan.-sept. var u.þ.b. þriðjungi minni en á sama tíma árið 2001, en var þó hin fimmta mesta frá 1990. Salan hefur glæðst nokkuð seinustu mánuði. Bílasala hefur aukist nokkuð á ný sl. mánuði. Salan í ár stefnir í að verða svipuð og í fyrra, eða rúmlega 9.000 bílar.




Samningsverð hefur hækkað aftur eftir að hafa verið óvenjulgát á vorkránum. Óvegið meðaltal verðs tíu síðustu samninga í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins var 6,5% undir kostnaðaráætlunum.


III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði




Á fyrstu átta mánuðum þessa árs var 18 ma.kr. afgangur á vöruviðskiptum við útlönd án viðskipta með skip og flugvélar, og 10,5 ma.kr. í heild. Á sama tíma í fyrra var halli á vöruskiptum að undanskildum viðskiptum með skip og flugvélar, 4,1 ma.kr á gengi þessa árs og 11,8 ma.kr. í heild. Í ágúst var 1,3 ma.kr. afgangur á vöruskiptum, samanborið við 0,4 ma.kr. halla í ágúst í fyrra á gengi þessa árs.




Í ágúst voru fluttar út vörur fyrir 14,7 ma.kr., sem á föstu gengi er 8% minna en í ágúst í fyrra. Fluttar voru inn vörur fyrir 13,4 ma.kr., sem er 18% minna en í ágúst í fyrra á föstu gengi.




Árstíðarleiðréttur innflutningur án viðskipta með skip og flugvélar var óbreyttur frá fyrri mánuði og svipaður og í september á síðasta ári.




Á fyrstu átta mánuðum ársins var almennur útflutningur 10,2% meiri en árið áður og verð 3,1% hærra, sem skýrist að hluta af 1,6% hækkun meðalverðs erlendis gjalddeyris frá sama tíma í fyrra. Magn útfluttrar iðnaðarvöru jókst um 19,2% milli ára og magn útfluttra sjávarafurða um 6½%. Innflutningur dróst saman um 5,3%, þar af almennur innflutningur um 4,7% og innflutningur neysluvöru um 4,2%.




Metaflí hefur verið borinn á land á þessu ári. Fyrstu 9 mánuðum ársins hafa borist á land 1860 þús tonn, sem er u.þ.b. 10% aukning frá sama tíma í fyrra. Aukning var í öllum helstu meginflokkum, tæplega 4% í botnfiski, 18% í rækju og skelfiski og 11% í uppsjávarfiski. Þessi aflaaugning er megin skýring þess að útflutningur sjávarafurða var 13% meiri í krónum talið jan.-ágúst í ár en í fyrra, sem jafngildir 7% magnaukningu.



Verð sjávarafurða hefur nokkuð látið undan síga undanfarnar vikur, bæði á Bandaríkjamarkaði og í Evrópu. Höflegur bjartsýni gættir þó á Evrópumörkuðum. Ástæða verðslakans er fyrst og fremst talin vera samkeppni við staðkvæmdarvöru, hvítt kjöt og ódýrari fisktegundir. Álverð hefur verið stöðugt seinustu mánuði en frekar í lægri kantinum. Spár CRU Group Int. benda til lækkunar á næstu misserum allt fram til 2004.




Eldsneytisverð markast mjög af ástandinu í Mið-Austurlöndum, eða af svokölluðum „stríðsbónus“, sem talin er nema 5-8 US\$ á olíufatið. Framvirkt verð á olíu og bensíni bendir til lækkandi verðs á eldsneyti á næsta ári. Reyndar hefur framvirkt bensín lækkað verulega seinustu viku. Skv. framvirku verði ætti meðalverð á næsta ári að verða svipað og það hefur verið á þessu ári.




Almennt hráefnaverð (án eldsneytis) hefur farið hækkandi undanfarna mánuði, í fyrsta sinn um nokkurt skeið. Sérstaklega hefur verð á matvælum hækkað. Kornverð, jurtaþrötein og jurtaolíur m.a hafa hækkað sem hefur jákvæð áhrif á verðmyndun á lýsi og fiskmjóli.


IV Vinnumarkaður og tekjur




Atvinnuleysi í september mældist 2,2% og var óbreytt frá fyrri mánuði. Í september 2001 var atvinnuleysi 1,0%. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi var 3,0% í september og jókst um 0,2% milli mánaða. Í september í fyrra var árstíðarleiðrétt atvinnuleysi 1,4%. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi hefur ekki verið meira síðan í febrúar 1998.



Veitt voru 341 atvinnuleyfi í september sl., samanborið við 476 í september árið 2001. Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum hefur fækkað mikið milli ára en framlengdum tímabundnum leyfum fjölgað. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok septembermánaðar var 272, samanborið við 678 fyrir ári.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun ÞHS sem gerð var í apríl töldu atvinnurekendur á landinu öllu æskilegt að fækka starfsfólki um ½% af áætluðu vinnuafla. Þar af vildu atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu fækka starfsfólki um 1,3% af vinnuafla þar, en á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur hins vegar fjölga starfsfólki um 0,7%. Skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl jókst atvinnuleysi úr 2,1% í apríl í fyrra í 3,1% í ár, vinnustundum fækkaði á sama tíma úr 43,7 í 42,8 og atvinnuþátttaka minnkaði úr 83,6% í 82,9%.




Launavísitalan hækkaði um 0,2% í september og 5,8% undanfarna 12 mánuði. Í september hafði kaupmáttur launa aukist um 2,6% á 12 mánuðum.


V Opinber fjármál




Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 8,0% frá 3. ársfjórðungi 2001 til 3. ársfjórðungs 2002. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 4,9%. Launaskrið milli 2. og 3. ársfjórðungs 2002 mældist 0,3% og launaskrið yfir 12 mánuði mældist 1,2% á 3. ársfjórðungi 2002 samanborið við 2,0% á 2. ársfjórðungi 2002.



Frá ársbyrjun til loka september voru greidd gjöld ríkisins 20 ma.kr. umfram tekjur án eignasölu. Ríkið innheimti 4 ma.kr. af lánum umfram ný veitt lán og eignasala nam 4 ma.kr. umfram kaup, svo hrein lánsfjárförf var innan við 13 ma.kr. Fyrirframgreiðsla upp í lífeyrisskuldbindingar hefur numið um 7 ma.kr., þannig að fjármögnunarförfin hefur numið um 20 ma.kr. engu að síður. Innlend lánsfjármögnun var um 4 ma.kr. nettó, erlend 24 ma.kr. Staða gagnvart Seðlabanka batnaði um 8 ma.kr.




Innheimtar tekjur til septemberloka voru 6% hæri en á sama tíma 2001, en gjöld 12% hæri. Skattar af launum hafa hækkað mest milli ára, en þó með lékkandi takti, óbeinir skattar hafa hækkað svipað og almennt verðlag. Mest hækkan meðal útgjalda var til almennrar stjórnsýslu, 20%, mennta- og félagsmál tóku til sín 14% meira, en minni hækkanir voru í atvinnuálagsgjöldum, vaxtagjöldum og öðrum slíkum liðum.




Heldur hefur slaknað á vexti tekna af staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjöldum, og örlítið minni vöxtur var í innheimtu virðisaukaskatts júní-september en 4 mánuðum áður. Hins vegar virðist sem farið sé að stytast í botn í innheimtu innflutnings- og vörugjalda. Kemur það heim og saman við fréttir af innflutningi.


VI Gengi og eignaverð




Velta á hlutabréfamarkaði í september sl. var hin mesta frá upphafi. Áætlað er að veltan fyrstu 10 mánuði ársins verði u.þ.b. tvisvar og hálfu sinni meiri en á sama tíma 2001. Sl. 12 mánuði hækkaði úrvalsvisitalan um 18,2% og aðalvisitalan um 22,5%. Hlutabréf sjávarútvegsfyrirtækja hækkuðu um þriðjung, lyfjagreina um 70%, samgöngu-fyrirtækja um 28% og hlutabréf annarra iðnaðarfyrirtækja um 14,5%.




Vísitala fasteignaverðs (sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4,0% á 12 mánuðum til ágúst 2002, samanborið við aðeins 0,3% hækkan í apríl. Vísitala fermetraverðs í fjölbýli hækkaði um 4,0% á 12 mánuðum til september 2002, þar af um 2½% á síðustu 3 mánuðum. Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal vísitölunnar hækkaði um 3,9% frá því fyrir ári.




Ljóst er að umtalsverð raunlækkun hefur orðið á verði atvinnuhúsnæðis frá hámarki á árunum 1999-2001. Meðalraunverð síðustu 12 mánaða er áætlað 13% lægra en meðaltal næstu 24 mánaða þar á undan. Ef notað er meðalverð sem vegið er með stærð húsnæðis, er raunlækkun 10-15% á öllum tegundum húsnæðis, skrifstofu-, verslunar- og iðnaðar/geymslu-húsnæðis, milli þessara mislöngu tímabila. Þar sem viðmiðunin, neysluverð, hefur hækkað um tæp 10%, er nafnlækkun mun minni.



Á sama tíma og umsvif á markaði með notað húsnæði hafa aukist hefur heldur dregið úr viðskiptum með nýtt húsnæði. Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 224 í september, en voru 229 í september í fyrra. Til kaupa á notuðu húsnæði í september voru afgreidd 854 lán, en í september í fyrra voru afgreidd 552 lán. Heildarfjárhæð afgreiddra húsbrefa var nokkuð hæri fyrstu níu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.




Kvótaverð er enn hátt, enda er veruleg eftirspurn eftir kvóta, bæði leigukvóta og varanlegum kvóta. Að jafnaði hefur kvótaverð það sem af er árinu verið um eða yfir þriðjungi hærra en að meðaltali í fyrra.




Raungengi krónunnar hækkaði mikið á fyrri hluta ársins sökum hækkunar nafngengis. Miðað við verðlag var raungengi á 3. ársfjórðungi 9,3% hærra en á sama tíma í fyrra. Samanborið við meðaltal undanfarinna 10 ára var raungengi miðað við verðlag 2½% lægra en 1,8% hærra sé miðað við laun.



VII Peningar, útlán og vextir



Gengi krónunnar styrktist mikið á fyrri hluta þessa árs eða um 9,4% frá áramótum til 7. ágúst þegar það var sterkast. Hinn 21. október hafði krónan veikt um 4,3% frá 7. ágúst og um 1,2% frá sl. mánaðarmótum. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var í september rúmlega 10,7% hærra en fyrir ári.




Á 2. ársfjórðungi 2002 varð 1,4% samdráttur í útlánum lánakerfisins. Tólf mánaða útlánvöxtur lánakerfisins nam 6,3% til júniloka og hefur ekki verið svo lítill síðan í upphafi árs 1996. Mikill vöxtur var enn hjá íbúðalánasjóðum og hjá lífeyrissjóðum, en verulega hefur dregið úr vexti útlána bankakerfisins. Umreiknuð vegna tilfærslu FBA og Kaupþings, námu útlán bankakerfisins 2,7%. Vöxtur útlána til heimila hefur dregist lítillega saman frá því í árslok 2001 og nam 13,9% á 12 mánuðum. Verulega hefur dregið úr vexti útlána til atvinnuvega. Nam vöxtur þeirra yfir 12 mánuði 3,1% í lok júní 2002 en 25,4% á sama tíma 2001.




	Útlán án uppfærslu		
Breyting í % til loka september 2002	M3	Útlán	
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt).....	2,0	0,9	1,3
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleiddrétt).....	16,7	5,7	6,3
Yfir 12 mánuði.....	14,7	2,4	6,1


	M3	Útlán
Breyting í % til loka september 2002		
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt).....	1,6	0,4
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árst.leiðr.).....	16,4	5,5
Yfir 12 mánuði.....	11,3	-0,7




Grunnfé Seðlabankans jókst um tæplega 17% í september frá sama tíma í fyrra (m.v. 3. mánaða hlaupandi meðaltal). Miklar sveiflur einkenna jafnan breytingar á grunnfé og því er vandasamt að túlka breytingar á því. Endurhverf viðskipti innlánsstofnana við Seðlabankann jukust um rúm 38% í september frá sama tíma í fyrra (einnig m.v. 3. mánaða hlaupandi meðaltal) en höfðu aukist um rúm 22% þann 22. október.




Seðlabankinn tilkynnti um 0,3 prósentna lækkun stýrivaxta í 6,8% 15. október. Þetta var áttunda lækkun stýrivaxta á þessu ári, en alls hafa vextirnir lækkað um 3,3 prósentur frá áramótum. Vextir á peningamarkaði hafa lækkað verulega á þessu ári og hafa þriggja mánaða peningamarkaðsvextir verið lægri en stýrivextir Seðlabankans frá því í byrjun júlí. Þriggja mánaða peningamarkaðsvextir höfðu lækkað þann 18. október um tæpar 6 prósentur frá áramótum og um 0,3 prósentur frá því Hagvísar komu út í september.




Raunstýrivextir Seðlabankans mældir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til um 4½ árs voru 4,3% 18. október og höfðu lækkað um 0,3 prósentur síðan Hagvísar voru gefnir út í september og um 2,7 prósentur það sem af er árinu. Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum var tæplega 3,7 prósentur 21. október og hafði lækkað um tæpa 3½ prósentu það sem af var árinu, svipað og stýrivextir Seðlabankans.



Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með 1 árs líftíma hefur lítið lækkað frá útgáfu Hagvísar í september, en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með 4½ árs og 11 ára líftíma hefur lækkað nokkuð meira. Hinn 18. október hafði ávöxtunarkrafa 11 ára ríkisbréfa lækkað mest, eða um 0,2 prósentur. Frá því fyrsta útbóð fór fram þann 15. maí hafði krafa þeirra lækkað um 0,4 prósentur. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með styttri líftíma hefur verið lægri en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til 11 ára frá því um mitt sumar.




Ávöxtunarferill peningamarkaðsbréfa er nánast flatur. Ávöxtunarferillinn hefur hliðrast töluvert niður á við miðað við það sem hann var fyrir mánuði. Ávöxtunarferill ríkisverðbréfa er nokkuð upphallandi og hefur hliðrast niður á við miðað við það sem hann var fyrir mánuði.




Raunávöxtun 15 ára spariskirteina hefur verið nokkuð stöðug það sem af er árinu og var 5,1% 18. október sl. Raunávöxtun 25 ára húsbrefa var þá 5,4% og hafði lækkað lítillega frá áramótum.


VIII Alþjóðleg efnahagsmál




Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,2% í september og 12 mánaða verðbólga mældist 1,5%. Kjarnavísitalan, án orku og matvöru, hækkaði minna. Árshækkun hennar var 2,2%, eða svipuð og verið hefur það sem af er árinu. Iðnaðarframleiðslan dróst lítillega saman í september, annan mánuðinn í röð. Atvinnuleysi minnkaði í 5,6% í september, þrátt fyrir að störfum hafi fækkað í mánuðinum.




Iðnaðarframleiðsla jókst um 0,6% í ágúst og gekk þar með til baka samdráttur sem varð í júlí. Verðbólga á evrusvæðinu var 2,1% í september, eða svipuð og undanfarna mánuði. Kjarnaverðbólga mældist 2,4%. Atvinnuleysi á evrusvæðinu hélst óbreytt 8,3% í ágúst.




Atvinnuleysi í ágúst mældist 5,4 prósent, sem er sama hlutfall og næstu þrjá mánuði á undan, enda þótt atvinnulausum hafi fjölgað töluvert á þessu tímabili. Neysluverðsvísitalan hækkaði um 0,3% í ágúst sem eru umskipti frá verðhjóðnun sem varð í júní og júlí. Verðhjóðnun mældist 0,9% á 12 mánuðum í ágúst. Iðnaðarframleiðslan jókst um 1,4% í ágúst, en ef miðað er við ágúst 2001 er um 3% aukningu að ræða.




Vísitala neysluverðs án vaxta hækkaði um 0,6% í september. Tólf mánaða verðbólga mældist 2,1% í september. Skráð atvinnuleysi er enn við sögulegt lágmark, eða 3,1% í september og hefur verið óbreytt sl. þrjá mánuði. Skv. atvinnukönnun hefur atvinnuleysi verið ýmist 5,1 eða 5,2% undanfarna mánuði. Þriggja mánaða breyting iðnaðarframleiðslu sýnir 1,4% samdrátt, þann mesta síðan í febrúar á þessu ári.




Tólf mánaða vöxtur M3 minnkaði í ágúst í 7,0% sem er minnsta aukning frá því í september 2001. Vöxtur þriggja mánaða meðaltals, sem ECB miðar formlega við, lækkaði nokkuð eða í 4,5%. Í Bandaríkjunum heldur vöxtur M3 áfram að hægja á sér. Hann var 6,5% yfir 12 mánuði til júlíloka.




Tólf mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins var 4,2% í ágúst en var 4,5% í júlí.




Mikil lækkun varð á verði hlutabréfa í Bandaríkjunum frá því í maí og fram í miðjan október með smá uppsveiflu í ágúst. Dow Jones vísitalan féll lægst í tæp 7.300 stig í byrjun september, en er um þessar mundir í 8.500 stigum. Nasdaq-vísitalan féll í rösk 1.100 stig, en er um þessar mundir í 1.300 stigum.




Hlutabréfamarkaðir í Evrópu og Japan hafa fylgt þróuninni á bandaríska markaðnum. Niðursveiflan í Japan varð þó ívið meiri og í byrjun október komst Nikkei vísitalan í lægsta gildi í 19 ár.



Ekki hafa orðið breytingar á stýrivöxtum helstu seðlabanka heims um alllangt skeið og ekki líklegt að breytingar verði á næstunni. Yfirlýsingar Federal Reserve benda þó til hugsanlegrar lækkunar haldi neikvæðar fréttir áfram að berast.



Sl. 3 mánuði hefur ávöxtun 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum lækkað um hálfá prósentu. Ávöxtun skuldabréfa til lengri tíma hefur lækkað minna. Ávöxtun verðþyggðra skuldabréfa til 10 ára hefur einnig lækkað og var nafnávöxtun þeirra 2,53% 17. október. Í Evrópu hafa langtíma vextir lækkað heldur minna en í Bandaríkjunum eða um 0,3%. Hinn 18. október var ávöxtun 10 ára ríkisskuldabréfa (Euro benchmark) 4,59%, en 4,13% á samsvarandi bandarískum bréfum.



Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur verið á bilinu 97 til 99 cent undanfarið. Jenið hefur heldur veikt undanfarnar vikur og gengi þess gagnvart evru er nú 122.

Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvisitölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP). Einnig er sýnt verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

Mynd 2. Neysluverðsvisitatala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirlíða neysluverðsvisitölnnar: visitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.

Mynd 3. Verð innfluttrar vöru í visitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitatala

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í visitölu neysluverðs. Visitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitatala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

Mynd 4. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímallengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þ.b. 1 árs (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 4½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið janúar 1999–desember 2001 og daglegar frá janúar 2002.

Mynd 5. Ársfjórðungslegar þjóðhagsstærðir

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Magnbreyting einkaneyslu, útflutnings, þjóðarútgjalda og vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 6. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirlíði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirtar með visitölu neysluverðs eða viðeigandi undirvisitölu hennar.

Mynd 7. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og erlendis. Staðvirt er með visitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvisitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

Mynd 8. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliðir. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 9. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

Mynd 10. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

Mynd 11. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 12. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 13. Árstíðarleidiréttur vöruinnflutningur á föstu verði

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleidirétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veða saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 14. Utanríkisviðskipti

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 15. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

Mynd 16. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleidirétt.

Mynd 17. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mándarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

Mynd 18. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: EcoWin/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálmum og verðlag matvæla.

Mynd 19. Atvinnuleysi

Heimild: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleidirétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 20. Atvinnuleyfi og störf í boði

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

Mynd 21. Atvinnuleysi og fjöldi lausra starfa

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (PHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiurtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarhlíð vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

Mynd 22. Launavísitala og kaupmáttur launa

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölnnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

Mynd 23. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. 4 ársfjórðunga.

Mynd 24. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

Mynd 25. Ríkistekjur og gjöld

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sínd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

Mynd 26. Þróun skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrír flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

Mynd 27. Hlutfjármarkaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun

Heimild: Kauphöll Íslands. Sínd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 28. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sínd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur byggðar á verðþróun reiknaðrar húsaleigu í vísitölu neysluverðs.

Mynd 29. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofu- húsnæðis, 1995=100. Sínt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 30. Íbúðalánasjóður: afgreidd húsbref og afgreiddar umsóknir vegna nýbygginga og endurbóta

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

Mynd 31. Verð veiðiheimilda í þorski

Heimild: LÍÚ og Kvótaþing. Sínt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 32. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 33. Gengisþróun krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 34. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 35. M3 og innlend útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA hf. frá og með mars 1999 og með Kaupþingi banka hf. frá janúar 2002. Útlánaþróun er einnig sínd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána.

Mynd 36. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðarleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA hf. við vísitölu útlána og Kaupþing banki hf. í janúar 2002. Janúar 1999=100.

Mynd 37. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sínd er 12 mánaða breyting 3 mánaða meðaltala.

Mynd 38. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til 1 dags og 3 mánaða.

Mynd 39. Skammtíma- og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtíma- og vaxtamunur eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisbréfa. Verðbólguálagið er munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 er miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410. Fram að því var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur.

Mynd 40. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð í ríkisbréf til u.þ.b. 1 árs, 4½ árs og 11 ára (RIKB 03 1010, RIKB 07 0209 og RIKB 13 0517).

Mynd 41. Tímaróf óverðtryggðra vaxta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kaupþilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

Mynd 42. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð viðskiptavaka í 15 ára spariskírteini og húsbref í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001 og IBH26 0315.

Mynd 43. Bandaríkin: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 44. Evrusvæðið: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 45. Japan: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 46. Bretland: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 47. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 48. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

Mynd 49. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 50) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 50. Erlendar hlutabréfavísitölur

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Hlutabréfavísitölur á evrusvæðinu (Dow Jones EURO STOXX 50), í Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow Jones Industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 51. Mismunur langtíma- og skammtíma- og vaxta

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtíma- og vaxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtíma- og vaxta í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

Mynd 52. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Mynd 53. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.